

# Bætiefni fyrir jórturdýr

FJÖLBREYTT ÚRVAL



LÍFLAND

Stofnað 1917

The image features two stylized cow heads in profile against a solid red background. The cow in the upper left is facing right, with its mouth slightly open. The cow in the lower right is also facing right, looking forward. Both are rendered in shades of gray and white with a flat, graphic style.

**Fyrir lífið í landinu**



Stein- og snefilefnaskortur er algengt vandamál í íslenskum landbúnaði. Því er mikilvægt fyrir búfjáreigendur að hyggja vel að bætiefnagjöf sem samræmist best því gróf- og kjarnfóðri sem gefið er hverju sinni.

Lífland býður upp á fjölbreytt úrval bætiefna og fódurtengdra hjálparefna fyrir búfénað. Meðal annars við kálfaskitu, selenskorti, doða, súrdoða og öðrum þekktum kvillum. Þessum vörum má skipta í fjóra flokka:

1. Bætiefnafötur
2. Salt- og vítamínsteinar
3. Steinefna og vítamínblöndur
4. Sérhæfð hjálparefni

## Bætiefnafötur



20 kg

### Kúafata

#### Bætiefnafata fyrir mjólkurkýr og nautgripi


Vörunúmer: 84610

Hentug bætiefnafata fyrir mjólkurkýr og aðra nautgripi. Inniheldur heppilegt magn af steinefnum, snefilefnum, vítamínum og melassa. Melassinn gerir blönduna lystuga.

Kúafatan er hentug til notkunar bæði innan- og utandyra.

Stein- og snefilefni á kg: Kalsíum 132 g; Fosfór 20g; Magnesium 50g; Natríum 60g; Sykur 188g; Selen 30 mg; Mangan 2.000 mg; Kóbolt 50 mg; Joð 400 mg; Sink 4.000 mg; Kopar 2.000 mg. Vítamín: A-vítamín 250.000 AE; D-vítamín 50.000; E-vítamín 2.000 mg.

**Leiðbeiningar um notkun: 150 g/dag**



20 kg

### Geldstöðufata

#### Bætiefnafata fyrir kýr á geldstöðunni

Vörunúmer: 84600

Mikilvægt er að gefa rétt hlutfall stein-, snefilefna og vítamína á geldstöðunni. Inniheldur rétt hlutfall af þessum efnum. Hentug til notkunar bæði innan- og utandyra.

Stein- og snefilefni á kg: Kalsíum 50 g; Fosfór 20g; Magnesium 150g; Natríum 65g; Sykur 188g; Selen 30 mg; Mangan 2.000 mg; Kóbolt 50 mg; Joð 400 mg; Sink 4.000 mg; Kopar 2.000 mg. Vítamín: A-vítamín 250.000 AE; D-vítamín 50.000; E-vítamín 2.000 mg.

**Leiðbeiningar um notkun: 150 g/dag**



20 kg

### HIMAG Magnesiumfata

Vörunúmer 84120

Inniheldur viðbótarmagn af magnesíum. Ríkulegt magn af nauðsynlegum steinefnum, snefilefnum og vítamínum. Inniheldur melassa, sem gerir blönduna lystuga. Hentug til notkunar bæði innan- og utandyra.

Steinefni, vítamín og snefilefni á kg: Kalsíum 100g; Fosfór 60g; Magnesium 132 g; Natríum 1,4g; Kalíum 14g; Selen 35 mg; Mangan 3.000 mg. Kóbolt 100 mg; Joð 400 mg; Sink optimín 500 mg; Sinksúlfat 5.500 mg. A-vítamín 250.000 AE; D-vítamín 50.000 AE; E-vítamín 500 mg.

**Ráðlagður dagsskammtur: Kýr 80-130 g/dag; Sauðfé 30-50 g/dag**





20 kg

## Sauðfjárfata

Vörununúmer 84620

Sauðfjárfata inniheldur heppilegt magn af steinefnum, snefilefnum og vítamínum fyrir íslenskt sauðfé. Auk þess inniheldur fatan andoxunarefni sem styrkja ónæmiskerfið og draga úr líkum á sjúkdómum og algengum kvillum á sauðburði s.s. júgurbólgu, súrdoða og doða. Fatan inniheldur melassa, sem gerir innihaldið lystugra.

Sauðfjárfatan er hentug til notkunar bæði innan- og utandyra.

- Inniheldur AO-Mix andoxunarefni.
- Hagstætt hlutfall af kalsíum og magnesíum.
- Rík af helstu steinefnum, snefilefnum og vítamínum.

Innihald: Kalsíum 10%; Magnesíum 7%; Natríum 5,1%; Fosfór 6%; Selen 30 mg/kg. Vítamín á kg: A-vítamín 300.000 AE; D3-vítamín 80.000 AE; E-vítamín 1.000 AE. Snefilefni: Kóbalt 120 mg; Járn 6452 mg; Joð 315 mg; Mangan 2419 mg; Selen 66,7 mg/kg; Sink 6944 mg. Bragðefni: Blanda af bragðefnum (AO blanda fyrir jórtdýr) sem hefur andoxunareiginleika; E- vítamín ígildi 1000 mg.

**Ráðlagður skammtur fyrir sauðfé: 50 gr./dag.**



15 kg



15 kg m. hvítlauk

## Kalksalt

**Bætiefnafata fyrir búfenað, framleidd úr endurnýttu salti úr fiskvinnslu og hafkalki úr Arnarfirði auk þess að vera A-, D-, E-vítamín- og selenbætt. Einnig til með hvítlauksextrakt.**

Vörunúmer: SALT22200

Kalksalt inniheldur melassa sem eykur lystugleika þess og stuðlar að góðri bindingu. Kalksalt er auðugt af salti, en það inniheldur einnig kalkþörungum sem leggja til kalsíum og magnesíum á lífrænu formi sem nýtist búfenaði vel. Saltið í Kalksalti fellur til við fisksöltun og hefur dregið í sig snefil af nytsamlegum efnum úr fiski, t.d. prótein o.fl. Hér fer saman hágæða íslensk framleiðsla og endurnýting á salti úr fiskvinnslu.

Steinefni, vítamín og aukefni á kg fóðurs: Kalsíum 6,2%; Fosfór 1,1%; Magnesíum 1,4%; Natríum 28,8%; Kalíum 0,5%; Brennisteinn 0,4%; Sykrur 4,4%; Prótein 1,1%; A-vítamín 5mg; D3-Vítamín 3mg; E-vítamín 11mg; Selen 20mg.

**Ráðlögð Notkun: Nautgripir 100-150 g/dag**

**Sauðfé 25-50 g/dag; Hross 50-100 g/dag**



## Salt- og steinefnasteinar



10 kg og 3x2 kg í kassa

### Alhliðasteinn

Vörunúmer 82710 og 82706

Saltsteinn sem er framleiddur úr náttúrulegu salti án aukaefna. Hentugur fyrir allan búfénað. Hafa skal frjálst aðgengi að steininum.

Innihald: Natríumklóríð (39% natríum)



10 kg

### Kúasteinn

Vörunúmer 82610

Steinefni fyrir jórturdýr.

Hafa skal frjálst aðgengi að saltsteininum.

Innihald: Salt NaCl 98,5%; Natríum 0,4 %Magnesíum 0,11 %Sink 300 mg  
Mangan 200 mg Joð 50 mg Kóbolt 12 mg Selen 20 mg



Sölueining  
2x 10 kg

### FW-Steinefnasteinn

Vörunúmer 82310

Steinefnasteinn fyrir jórturdýr.

Hafa skal frjálst aðgengi að saltsteininum.

Innihald: Natríum 38%; Kalsíum 1,5%; Fosfór 0,24%; Magnesíum 0,31%  
Mangan 200 mg; Kóbolt 150 mg; sink 300 mg; Joð 200 mg; Selen 10 mg;  
D3-vítamín 40.000 AE.



10 kg

### ViloRock Magnesíum steinn

Vörunúmer 82210

Magnesíum er:

- 1) mikilvægt í uppbyggingu vöða og beina.
- 2) mikilvægt í virkjun ensíma sem taka þátt í orkuefnaskiptum líkamans

3) mikilvægt að nota ef streituvaldandi aðstæður koma upp

Innihald: Salt 79%; Magnesiumoxíð 18%.

## Steinefnablöndur



25 kg

### Lactation kögglar steinefnablanda

Vörunúmer: 81110

- Köggluð steinefnablanda fyrir mjólkurkúr
- Stöðluð að íslenskum aðstæðum
- Auðug af vítamínum
- Hátt hlutfall kalsíum og fosfórs
- Aðgengilegt steinefnasalt
- Rétt hlutfall natríum, kalíums og klórs
- Bragðgóð, inniheldur melassa og hveitiklið
- Hentar vel fyrir kúr fóðraðar með fjölbreyttu fóðri

Innihald pr kg: Kalsíum 113 g; Fosfór 67 g; Magnesíum 80 g; Natríum 67 g; Kóbolt 67 mg; Joð 100 mg; Mangan 2.500 mg; Sink 3.333 mg; Kopar 1.667 mg; Járn 667 mg; Selen 25 mg. Vítamín: A-vítamín 500.000 AE; D-vítamín 100.000 AE; E-vítamín 1.667 mg; E-vítamín-asetat 1.833 AE.

**Notkun: Mjólkandi kúr 100-150 g/dag**



25 kg

### Lactation kurl steinefnablanda

Vörunúmer: 81120

- Fínt möluð bætiefnablanda
- Auðveld upptaka bætiefna
- Límist vel við gróffóðrið
- Stöðluð að íslenskum aðstæðum
- Auðug af vítamínum
- Hátt hlutfall af kalsíum
- Gott jafnvægi á stein- og snefilefnum
- Aðgengilegt steinefnasalt
- Bragðgóð blanda sem inniheldur Dairy Arom og sítrus. Hentar vel í heilfóðrun.

Innihald pr kg: Kalsíum 195 g; Fosfór 66,7 g; Magnesíum 80 g; Natríum 67 g; Klór 104g; Brennisteinn 1,34 g; Kóbolt 67 mg; Joð 100 mg; Mangan 2.500 mg; Sink 3.333 mg; Kopar 1.667 mg; Járn 667 mg; Selen 25 mg Vítamín: A-vítamín 500.000 AE; D-vítamín 100.000 AE; E-vítamín 1.667 mg; E-vítamín-asetat 1.833 AE.

**Notkun: Dreift yfir gróffóðrið, 100-150 gr á dag**





25 kg

## BIGGI-141

Vörunúmer: 81825

BIGGI-141 (Stewart salt) er fínt möluð steinefnablanda fyrir búfénað sem límist vel á heyin og auðveldar þar með upptöku bætiefnanna. BIGGI-141 er aðlagður að efnainnihaldi íslenskra heyja og inniheldur ríflegt magn selens og E-vítamíns.

Innihald pr kg: Kalsíum 160 g; Fosfór 60 g; Magnesíum 60 g; Kalíum 3 g; Natríum 45 g; Klór 70 g; Brennisteinn 3 g; Kopar 250 mg; Járn 2.800 mg; Sink 1.000 mg; Mangan 2.900 mg; Kóbolt 10 mg; Joð 75 mg; Selen 50 mg. Vítamín: A-vítamín 150.000 AE; D3-vítamín 100.000 AE; E-vítamín 4.000 mg;

**Notkun:**

**Mjólkurkúr**           **100-150 gr/dag**

**Ær**                       **20-45 gr/dag**

**Hross**                   **50-75 gr/dag**



25 kg

## Lifland Dry Cow steinefnablanda

Vörunúmer: 81100

- Köggluð steinefnablanda fyrir kúr í geldstöðu
- Auðveld upptaka bætiefna
- Stöðluð að íslenskum aðstæðum
- Auðug af vítamínum
- Aðgengilegt steinefnasalt
- Bragðgóð blanda sem inniheldur melassa og hveitiklíð
- Hentar vel fyrir kúr fóðraðar með fjölbreyttu fóðri á geldstöðunni

Innihald pr kg:

Kalsíum 41 g; Fosfór 50 g; Magnesíum 100 g; Natríum 50 g; Klór 77g; Kalíum 6 g; Kóbolt 50 mg; Joð 75 mg; Mangan 2.000 mg; Sink 2.000 mg; Kopar 1.500 mg; Járn 3.200 mg; Selen ólífrænt 17 mg; Selen lífrænt 8 mg. Vítamín: A-vítamín 500.000 AE; D-vítamín 100.000 AE; E-vítamín 7.500 mg; E-vítamín-asetat 8.250 AE.

**Notkun: Leiðbeinandi dagsskammtur, 100-150 gr**

## Mjólkurduft



### Sprayfo Royal

Vörunúmer: 85190

- Mjólkurduft fyrir ungfálfa, að 4 mánaða aldri
- Glóð leysni og blandan kekkjast ekki
- Inniheldur 45% undarennuduft
- Viðbætt immúnóglóbúlín stuðla að auknu heilbrigði gripanna
- Góður meltanleiki og mjög lystug blanda

Hlutföll mjólkurduft/vatn: 0-5 vikur: 1/6. 5-8 vikna: 1/7.

Notkun: Leysið duftið upp í 45-65°C heitu vatni. Best er að gefa blönduna 38-40°C heita.



### Sprayfo Blue

Vörunúmer: 85150

- Mjólkurduft fyrir ungfálfa, að 4 mánaða aldri
- Glóð leysni og blandan kekkjast ekki
- Inniheldur 70% mjólkurprótein
- Vatnað hveitiprótein tryggir góðan meltanleika
- Vöxtur fyrir hverja krónu!

Notkun: Leysið duftið upp í 45-65°C heitu vatni og látið svo kólna niður í 38-40°C áður en blandan er gefin.



### SPRAYFO lamba- og kiðlingamjólkurduft

Vörunúmer: 85200

Lamba- og kiðlingamjólkurduftið frá SPRAYFO er auðugt af undanrennudufti (51%) sem minnkar líkur á skitu og eykur meltanleika mjólkurinnar.

- Góð leysni og auðveld í blöndun
- Heppileg samsetning steinefna og vítamína fyrir lömb og kiðlinga

Notkun: Blandið SPRAYFO duftið saman við vatn í hlutföllunum 1:4. Æskilegt hitastig vatnsins við blöndun eru 45-65°C en mjólkina skal gefa 40-42°C heita.



## AcidFit mjólkursýringarduft

Vörunúmer: 88960

Inniheldur lífrænar og ólífrænar sýrur sem kálfar geta innbyrt án vandkvæða. Lækkar sýrustig mjólkur niður að pH 5,0. Duftið gerir vöruna þægilegri og öruggari í meðförum en fljótandi sýrur.

Hreinlæti og gæði mjólkurinnar eru mikilvæg atriði hvort sem fóðrað er með mjólkurdufti eða frátökumjólk. Lækkun sýrustigs er gagnleg til þess að minnka líkur á vandamálum vegna örveruvaxtar í mjólkinni. Lækkun sýrustigs eykur jafnframt meltanleika próteina.

Notkun:

1. Í mjólkurduft byggt á mysudufti (t.d. Sprayfo Blue):  
12,5 grömm í hverja 10 lítra af mjólkurblöndu.
2. Í mjólkurduft með undanrennufti (t.d. Sprayfo Royal, MS kálfafóður) eða í frátökumjólk:  
25 grömm í hverja 10 lítra af mjólkurblöndu/mjólk.



## MS Ungkálfa mjólkurduft

Vörunúmer: 85240

Innihald: Fituskert mjólkurduft 77 %; Mysuduft 22,5%; Forblanda 0,5%

Notkunar: Blandið 1 kg af dufti á móti 7 lítrum af hreinu vatni. Gefið blönduna um 30°C heita.



## MS Kálfmjólkurduft

Vörunúmer: 85242

Innihald: Mysuduft 57,5%; Mjólkurduft 42%; Forblanda 0,5%

Notkun: Blandið 1 kg af dufti á móti 7 lítrum af hreinu vatni. Gefið blönduna um 30°C heita.

## Sérhæfð hjálparefni



3,5 kg

### Rediar kálfadrykkur

Vörunúmer: 88915

Rediar er öflugt bætiefni til að draga úr og vinna gegn skitu hjá kálfum. Rediar hefur gjarnan greinanleg áhrif innan við 24 klst. Efnið inniheldur náttúrulegar trefjar sem koma jafnvægi á meltinguna. Rediar kemur í veg fyrir þornun og styður við örveruflóru þarmanna.

- Kemur jafnvægi á meltinguna með notkun sérvalinna trefja.
- Vinnur gegn ofþornun.
- Byggir upp og verndar eðlilega þarmarflóru
- Árangur kemur fram innan sólarhrings
- Stutt meðferð - árangur til langs tíma.

**Verkar hratt** - Rediar verkar á innanvið 24 klst.

**Hagkvæm** - leysist auðveldlega upp.

**Lystugt** - kálfar eru hrifnir af bragðinu og því auðvelt að koma drykknum í þá.



5L, 25L brúsar og  
200 kg pakkningar.

## PRO-KETO

Vörunúmer: 89227, 89225, 89220

Við upphaf mjólkurskeiðs er orkubúskapur flestra hámjólka kúa neikvæður. Líkami kýrinnar vinnur upp orkuskortinn með því að nota þann fituforða sem kýrin hefur. Hámjólka kýr þurfa því orku í formi glúkósa til að fyrirbyggja súrdoða.

Lystugur og orkuríkur vökvi sem er einkar góður kostur til að draga úr hættu á súrdoða. Best er að gefa Pro-Keto vikuna fyrir burð og á fyrstu 3-6 vikum mjaltarskeiðs.

- Eykur orkuefnaskipti
- Hækkar nyt
- Styrkir ónæmiskerfið
- Eykur frjósemi
- Minnkar hættu á súrdoða

Hráefni: Própýlenglýkól, glúsín, vítamín, steinefni og bragðefni  
Steinefni og aukefni á kg fóðurs: E-Vítamín 2.500 mg; Niacín 7.500 mg; Kólín 10.000 mg; B12-Vítamín 100 mcg; Zink 1.000 mg.

Notkun: Gefið 150-200 ml á dag í eina viku fyrir burð. Gefið svo 100-125 ml tvisvar á dag ofan á fóður. Ef kýrin þjáist af súrdoða má gefa 250 ml tvisvar á dag.

Fæst í 5 L, 25 L og 200 kg pakkningum.



5L

## Calcivit - B

Vörunúmer: 85910

Doði hjá kúm er vandamál sem rekja má til skorts á kalsíum við burð, en rannsóknir benda til þess að flestar eldri kúr séu með dulinn doða í kringum burð. Takist að minnka þau einkenni má leiða líkum að því að gripur komist fyrir í háa nyt og verði almennt hraustari og afurðarmeiri. Calcivit-B er kalk- og orkugjafi fyrir kúr við burð til viðhalds á kalsíumforða og til þess að minnka líkur á doða.

Calcivit-B má einnig gefa lambám eftir burð sýni þær doðaeinkenni.

Innihald: Kalsíum 10%; Magnesium 0,3%; Fosfor 0,3%.

Auðefni, vítamín og forvítamín á kg fódurs: B1 -vítamín 196 mg; B2-vítamín 168 mg; B12-vítamín 2000 mcg; Pantóþensýra 188 mg; Kóllínklóríð 2.475 mg; Nýasín 2.457 mg.

Notkun: Hristist vel fyrir notkun. Fyllið munnsprautu af Calcivit-B og gefið um munn, milli kinnar og tanna. Ekki gefa gripum sem ekki geta kyngt. Gefið Calcivit-B rétt fyrir burð til að viðhalda kalsíumforða. Endurtakið strax eftir burð og aftur ef nauðsyn krefur.

Skammtastærðir:

Mjólkurkúr	200 mL
Ær	25 mL





5L og 15L

## Liqvita ADE 60

Vörunúmer: 86170

Liqvita ADE 60 er fljótandi vökvi sem inniheldur selen, A-, D- og E-vítamín. Varan hefur reynst mjög vel við selen- og vítamínskorti í öllu búfé.

Selen hefur áhrif á fósturþroska og vöðvaþroska alls ungvíðis.

A-, D- og E-vítamín eru fituleysanleg vítamín, þannig að þau skiljast ekki út jafnóðum og nýtast því í einhvern tíma eftir að inngjöf er hætt. A-vítamín hefur áhrif á frjósemi og fósturþroska. D-vítamín er mikilvægt fyrir kalsíum- og fosfóraefnaskiptin, það eykur upptöku á kalki úr meltingarvegi og dregur úr líkum á doða. E-vítamín er nátengt seleni. Þau eru andoxunarefni sem m.a. koma í veg fyrir skaðleg áhrif niður-brotsefna.

### Hagnýt og hagkvæm lausn:

- **Bætt út í drykkjarvatn**
- **Hella yfir gróffóður**

### Stuðlar að:

- **Minni fósturdauða**
- **Bætri frjósemi**
- **Fljótvirtri selengjöf**

Efnainnihald: A-vítamín 900.000 AE; D-vítamín 20.000 AE; E-vítamín 66.000 AE; Selen 50 mkg.

Ráðlagður dagsskammtur:

Kýr	25 ml/dag
Kvígur	15 ml/dag
Kálfar	10 ml/dag
Kindur	5 ml/dag

Notkun: Hægt er að gefa Liqvita ADE 60 beint út á hey, blanda því saman við heilfóður eða blanda því saman við drykkjarvatn með dælubúnaði.

Æskilegt er að gefa Liqvita ADE 60 í nokkurn tíma í einu.

**Athugið að of mikil selengjöf getur leitt til eitrunar.**



## Butterfat Extra TM

Vörunúmer: 85830

### Hágæða fituefni sem hækkar fituhlutfall og eykur nyt.

Notkun á Butterfat Extra getur aukið fituhlutfall mjólkur um 0,4% og hækkað nyt um 1,5 lítra á kú á dag, háð stöðu á mjaltaskeiði og samsetningu heildarfóðurs.

Orkuríkt fituefni með einstaklega háu hlutfalli C16 fitusýra. Hentug samsetning sem hefur jákvæð á áhrif á myndun mjólkurfitu í mjólkurvef og eykur nyt.


Fita sem meltist ekki í vömb.

Notkun: Butterfat Extra má nota með jöfnum höndum í heilfóður, dreift ofan á gróffóður eða sem hráefni í kjarnfóðri. Butterfat Extra nýtist best þegar heildarfóðrun hefur verið stillt rétt af miðað við næringarefnaþarfir gripa.

Ráðlagt magn

Mjólkurkúr: 200-500 grömm á dag háð stöðu á mjaltaskeiði.

Ær: 50-100 grömm á dag fyrir ær með tveimur eða fleiri lömbum. fland býður einnig upp á fóðurböndur með þessu hágæða fituefni og kallast þær Kostur.



## Allium hvítlauksolía

Vörunúmer: 85900

### Allium hvítlauksolía vinnur gegn júgurbólgu og bætir heilsufar búfjár.

Allium hvítlauksolía inniheldur hvítlauksextakt, sem er ríkt af allisíni, en það er hið virka efni í hvítlauknum og er þekkt fyrir að hemja bakterírur sem t.d. valda júgurbólgu. Gott er að gefa Allium þegar vart verður við hækkandi leiðni þar sem það getur verið vísbending um júgurbólgu á frumstigum. Hefur fælingarmátt á flugur sem geta valdið búfénaði streitu og óþægindum.

Leiðbeiningar um notkun:

Kýr: 25 ml á dag í 5 daga í senn.

Kálfar: 5 ml á dag í 5 daga í senn.

Hross: 10 - 15 ml á dag að lágmarki í 5 daga.

Folöld: 2 - 5 ml á dag að lágmarki í 5 daga.

Hvernig á að gefa: Allium hvítlauksolíu má bæði hella út á fóður eða sprauta upp í gripi.



## Fóðurlýsi

Vörunúmer: 85705

Kaldhreinsað fóðurlýsi er náttúruafurð, auðug af A-, D og E-vítamínum og omega-3 fitusýrum. D-vítamín bætir upptöku kalks úr fóðri og er góður orkugjafi. Lýsi styrkir ónæmiskerfið og getur dregið úr bólgmyndun. Það hefur jafnframt jákvæð áhrif á feld og hárafar.

Notkun: Lýsi er gefið út á hey eða kjarnafóður.

Ráðlegt magn: 10 ml/dag.



## Reviva orkudrykkur fyrir nýbornar kýr

Vörunúmer: 88911

Burður er mikið erfiði fyrir kýr og við hann verða miklar breytingar á efnaskiptum í líkama hennar. Mjólkurframleiðslan sem fer í gang í kjölfar burðarins krefst þess að mikið magn kalks sé aðgengilegt. Geti kýrin ekki losað nægilegt magn af kalki kemur fram kalkskortur sem lýsir sér í einkennum doða. Með notkun Reviva eftir burð má bæta kúnni upp vökva og orkunotkunina sem fór í burðinn svo hún nái sér hratt og vel. Hraður bati eftir burð skilar sér margfalt í betri byrjun á mjólkurskeiði og meiri afurðum.

- Hraður bati eftir burð bætir upp vökvatap
- Hindrar vinstrarsnúning
- Bætir úr kalkskorti
- Vinnur gegn doðaeinkennum


Innihald: A-vítamín 840.000 AE; D-vítamín 18.000 AE; E-vítamín 2.700 AE; C-vítamín 8.500 mg; Beta-karotín 200 mg; Kalk 45 g.

Til þess að ná sem bestum árangri:

- Reviva ætti að vera það fyrsta sem kýrin drekkur eftir burð. Ekki láta kúna drekka kalt vatn fyrir drykkinn.
- Lagið eingöngu eina blöndu í einu.
- Lokið pakkningum eftir notkun til að tryggja hreinlæti og gæði.

Notkun:

- Gefið orkudrykkinn strax eftir burð
- Blandið 1 kg af orkudrykknum saman við 15 lítra af vatni, 40-45°C heitu.
- Bætið 5 lítrum af köldu vatni út í.
- Gefið blönduna við hitastigið 25-30°.
- Gefið drykkinn einungis einu sinni strax eftir burð en sé kýrin veikburða má gefa drykkinn 2-3 daga í röð en þó aldrei oftar en einu sinni á dag.




## **GEA Monobox**

- Ný kynslóð G4 innrauðrar 3D myndavélar IP67 vottun
- Háþrýstipvottur og þurrkar myndavél eftir hverjar mjaltir
- Einungis ein ásetning fyrir allt mjaltaferlið
- Hægt að fá eins fasa og þriggja fasa
- Lengd = 3,3 metrar. Breidd = 1,5 metrar
- Auðvelt að setja inn í eldri fjósbyggingar, kemur í 3 hlutum.
- Tilbúinn fyrir flokkunarhlíð
- Einfalt viðmót og auðvelt að kalla fram og vinna með upplýsingar
- 12,1" snertiskjár
- Frátaka frá einum eða tveimur spenum
- Hraðvirkur og áreiðanlegur með nýjustu tækni
- Topp þjónusta allan sólarhringinn með aðgangi að tæknimönnum frá GEA

## Sérhæfð hjálparefni

### Agrimin forðastautar

ALL- TRACE forðastautar eru hannaðir til að gefa nautgripum á fóðrum/beit daglega næringarþörf á sex snefilefnum og þremur vítamínum. Forðastautarnir hvíla í kepp í fremri hluta meltingarvegar og leysast þar hægt upp og veita þannig samfellda gjöf af snefilefnum og vítamínum í um það bil 8 mánuði. Forðastautarnir leysast fullkomlega upp og engar leifar verða eftir.



### Byssa fyrir forðastauta

Vörunúmer AK2139

**Agrimin inngjafabyssa fyrir Sauðfé**

Vörunúmer DI930096

**Agrimin inngjafabyssa fyrir Rumbul**

Vörunúmer DI220181

**Agrimin inngjafabyssa small fyrir kálfa**

Vörunúmer DI780095

**Agrimin inngjafabyssa Twin fyrir kýr**

Vörunúmer DI930092





---

## Agrimin

### Agrimin All-trace Cattle

Vörunúmer DI930083

20 stk í pakka. Fyrir kýr á mjólkurskeiði sem fá gott gróffóður. Viðheldur þörf gripanna fyrir stein- og snefilefni í 240 daga frá gjöf.

**Notkun: 2 stautar á grip duga í 240 daga**

### Agrimin Dry cow

Vörunúmer DI930084

20 stk í pakka. Ætlað kúm í geldstöðu til að sjá fyrir næringarþörf af sex snefilefnum og þremur vítamínnum þegar nægilegt magn þeirra er ekki að finna í fórdum/beit.

**Notkun: 2 stautar á grip duga í 120 daga**

### Agrimin smAll-Trace

Vörunúmer DI780094

10 stk í pakka. Ætlað kálfum í uppvexti sem farnir eru að melta fóður sem vega á milli 75 kg og 200 kg

**Notkun: 1 stautur á grip**

### Agrimin Rumbul

Vörunúmer DI210181

10 stk í pakka. Fyrirbyggir magnesíumskort í nautgripum. Einungis fyrir gripi sem vega meira en 300 kg.

**Notkun: 2 stautar á grip duga í 28 daga**

### 24-7 Smartrace

Vörunúmer DI930095

50 stk í pakka. Ætlaðir lambfullum ám og gemlingum þyngri en 40 kg. Þessa vöru má einnig nota handa hrútum.

**Notkun: 1 stautur á hvert dýr dugir í 180 daga**

---



Fæst aðeins í verslunum, ekki í heildsölu.  
Úrval getur verið misjafnt eftir verslunum.



## Bovisal Phosphor

Vörunúmer: KBB1140678

- Flýtir bata eftir doða
- Auðupptakanlegur fosfór
- Gefið með kalsíumgjöf bragðgott



## Bovisal Perlu CaP

Vörunúmer: KBB1140679

Inniheldur fjórar gerðir af kalsíum sem nýtist kúnni yfir lengra tímabil. Perlurnar leysast upp



## Bovisal Keto

Vörunúmer: KBB6432

Orkumikill skammtur sem hjálpar til við að koma í veg fyrir súrdoða hjá nýbornum kúm.



## Chevivit E-Selen sR

Vörunúmer: KBB11400680

Selen- og E-vítamíngjafi fyrir lömb, kálfa og kið þar sem forði þessara efna er líttill sem enginn í nýbornu ungvíði. Minnkar líkur á skorti og vandamálum sem selen- og E-vítamínskortur getur leitt til. Minnkar líkur á stúskjögrri og hvítvöðvaveiki, bætir efnaskipti vöðva, styrkir ónæmiskerfi og hefur jákvæð á hrif á vöxt og þroska.

Kemur í brúsa með pumpuskammtara sem gerir alla skömmtun og gjöf einfalda. Ein flaska dugar í 100 lömb.

Innihald: E-vítamín, selen, A-vítamín og D3-vítamín.

## **Recovin Pasta fyrir nautgripi.**

Recovin pastað er sérhannað fyrir mjólkandi kýr þó það henti vel í alla nautgripi allt eftir eðli þeirra kvilla sem upp koma.



### **Recovin Skammtabyssa**

Vörunúmer: DI311010

### **Recovin Ketose**

Vörunúmer: DI310760

Háorku pasta ætlað fyrir súrdoðakýr eða kýr sem eiga á hættu að fá súrdoða. Það inniheldur Propylene glycol.

### **Recovin Vomicidose**

Vörunúmer: DI310764

Inniheldur Magnesiumoxíð sem virkar sýrustillandi á súra vömb.

### **Recovin Calcium**

Vörunúmer: DI310766

Inniheldur Calcium clorid og er ætlað fyrir kýr sem eiga á hættu að fá doða í kringum burð.

### **Recovin ACT**

Vörunúmer: DI310767

Gamla kolpastað sem notað er við niðurgangi og eitrunum.

### **Recovin Vomstarter**

Vörunúmer: DI310733

Flórubætandi og inniheldur góða gerla fyrir meltinguna.

### **Recovin Fosfat**

Vörunúmer: DI310880

Inniheldur fosfat og propylene glycol og er ætlað fyrir slappar kýr (downer cows) vegna doða eða þess háttar sem eru með lágt fosfat í blóði og því erfitt að ná upp með kalkgjö í æð. Propylene glycol virkar sem orkuskot með því.

Fæst aðeins í verslunum, ekki í heildsölu.

Úrval getur verið misjafnt eftir verslunum.



# Líf í tún og akra í vor



Sala og ráðgjöf  
Sími 540 1100

[www.lifland.is](http://www.lifland.is)  
[lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is)

Reykjavík  
Lynghálsl

Akureyri  
Óseyri

Borgarnes  
Borgarbraut

Blönduós  
Efstubraut

Hvolsvöllur  
Ormsvöllur